



## Leiðarar í Þjóðviljanum, Tímanum o.fl. blöðum 1945, 1953-1955.

---

Bjarni Benediktsson – Stjórnámál – Tímanum – Framsóknarflokkur – Sjálfstæðisflokkur – Húsnæðismál  
– Alþjóðaráðstefnur – Þjóðviljinn – Sameinuðu Þjóðunum

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnámálamaðurinn  
Askja 4-2, Örk 10

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Leiðari í Tímanum 16. des. 1953:

"Það er stefna Framsóknarflokksins að létta hömlum af verzluninni. Frjáls verzlun er almenningsi hagstæðust, því að þá geta samvinnufélögin óhindrað útvegað mönnum vörur við sannvirði og opinbert eftirlit með verðlagi er þá óþarft."

-----  
Rammagrein í Tímanum 7. jan. 1954, umhúsnæðismálin:

"...Þess vegna munu þeir, sem vilja auknar aðgerðir í byggingamálum, draga þá réttu ályktun af reynslunni að snúa baki við ~~stærðarmarkmiðunum~~ Sjálfstæðisflokknum og fylkja sér um Framsóknarflokkinn."

-----  
Leiðari í Tímanum 7. jan. 1954 (harðar vitar á bjarstjórn Reykjavíkur fyrir að hafa ekki til lóðir handa öllum, sem vilja byggja, eftir að byggingafrelsið var gefið):

"...Það er með öllu ófært, að lóðaskortur sé því til hindrunar, að menn geti byggt, ef þeir hafa möguleika til þess að koma leyti."

-----  
Svartleiðari í Tímanum 8. jan. 1954:

"Þess vegna eiga allir, sem vilja að byggingamálin séu tekin föstum tókum og framkvæmdir á því sviði stórlega auknar, að skipa sér um Framsóknarflokkinn í þessum kosningum og gera honum þannig mögulegt að þetta verði gert."

-----  
Leiðari í Degi 4. jan 1955 (endurprentaður í Tímanum):

"Þegar núverandi ríkisstjórn var mynduð, gerði Sjálfstæðisflokkurinn það að höfuðskilyrði, að sem mest frjáls ræði yrði í viðskiptum og framkvæmdum. Mikið var af því látið af forustumönnum Sjálfstæðisflokksins, hvílíka blessun það myndi leiða yfir land og þjóð, ef frelsisstefnan fengi að ræða á sem flestum sviðum, enda vissu þeir, að stefna þessi var líkleg til vinsælda meðal fólks, sem ekki hafði vanið því að hugsa sjálfstætt eða þorir ekki að viðurkenna staðreyndir fyrir sjálfu sér."

Tíminn 3. sept. 1953: (Um nýja stjórnarmyndun):

„ Þau mállefni, sem Framsóknarflokkurinn mun leggja áherzlu á í því sambandi, eru fyrst og fremst, að áfram verði tryggð heilbrigð fjármálastjórn, næg atvinna og sem haftaminnstur þjóðarbúskapur

Aðild Íslands að Sameinuðu Þjóðunum.

Þjóðviljinn 28. febrúar 1945. Leiðari.

"Eigum við erindi á alþjóðaráðstefnur? Þannig spyrja margir þessa dagana og í spurningunni fellst, hvort nokkur fórn sé færandi til þess að fá sæti meðal hinna sameinuðu þjóða á þeim ráðstefnum, sem haldnar verða til að stofna hið nýja bandalag þjóðanna og til að semja og tryggja frið. Spurningin er vissulega fávísleg. Það er hafið yfir allan efa að okkur sem svo mjög erum háðir viðskiptum við aðrar þjóðir, er hin mesta nauðsyn að eiga fulltrúa á öllum þeim ráðstefnum sem að framan getur, auk þess sem okkur er það sæmd að taka sæti á bekk með hinum sameinuðu þjóðum, þótt við höfum þá sérstöðu að vera vopnlaus og getum því ekki tekið þátt í hinni miklu frelsisbaráttu þjóðanna með vopn í hönd"

Þjóðviljinn 3. marz 1945. Leiðari.

"Hverjum hugsandi manni hlýtur að vera ljóst hve mikið Ísland á undir því að vera talið með hinum sameinuðu þjóðum, er þær taka að byggja upp nýjan heim á rústum fasismans".

Um ráðstefnuna í San Francisco 1945:

"Vér Íslendingar eigum allra þjóða mest undir því að vinsamlegt tillit verði til vor tekið, því vér framleiðum meir fyrir erlendan markað til sölu en nokkur önnur þjóð.

Afturhaldshyskinu á Íslandi er það ljóst hve þýðingarmikil þessi samvinna Íslands eftir stríð er. Þetta hyski veit, að verði Ísland einangrað, þá er grundvellingnum kippt undan framtíð þess. Og þess vegna er afturhaldið að reyna að einangra Ísland nú, reyna að skapa andúð gegn því erlendis, eins og skrif þess nú bera ljósan vott um".

Þjóðviljinn, 4. marz 1945. Leiðari.

"Það er enn of snemmt að ræða opinberlega um síðustu ákvarðanir Alþingis í utanríkismálum. En síðar meir verða þær vafalaust taldar með helztu - máski örlagaríkustu

ákvörðunum þess - í svip. En sú er þar máski bót í máli, að góðri stjórn megi takast síðar, að lagfæra þar, sem þinginu hefur mistekizt".